

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2005/EES/33/01		Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 5/2004/SC frá 23. september 2004 um reglu til að ákveða skiptingu kostnaðar vegna fjármagnskerfis EES.	1
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2005/EES/33/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 22/04/COL frá 25. febrúar 2004 varðandi tilkynningu um nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja (Noregur).	4
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2005/EES/33/03		Beiðni landsdómstóls Liechtensteins (Fürstlicher Landrichter) um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt ákvörðun landsdómstólsins frá 13. desember 2004 í máli Paolo Piazza gegn Paul Schurte AG (Mál E-10/04)	17
2005/EES/33/04		Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA gegn Konungsríkinu Noregi sem lögð var fram 12. apríl 2005 (Mál E-3/05)	18
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2005/EES/33/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3746 – Tetra Laval/SIG Simonazzi).	19
2005/EES/33/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3822 – Stora Enso/Schneidersöhne Papier)	20
2005/EES/33/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3858 – Lehman Brothers/SCG/Starwood/Le Meridien)	21

2005/EES/33/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3841 – Valoriza Gestion/Agua de Las Palmas)	22
2005/EES/33/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3692 – Reuters/Telerate)	23
2005/EES/33/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3728 – Autogrill/Altadis/Aldeasa).	23
2005/EES/33/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3740 – Barclays Bank/Föreningssparbanken/JV)	24
2005/EES/33/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3781 – Crédit Agricole/Caisse d’Epargne/JV)	24
2005/EES/33/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3797 – CGE/AMGA/SMAT/SAP)	25
2005/EES/33/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3806 – Telefonica/Cesky Telecom)	25
2005/EES/33/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3807 – Siemens/Hyundai/JV)	26
2005/EES/33/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3810 – Investcorp/Polyconcept)	26
2005/EES/33/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3814 – RR Donnelly/Astron).	27
2005/EES/33/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3818 – Gilde/DSM Bakery Ingredients)	27
2005/EES/33/19	Ríkisaðstoð – Mál C 14/2005 (áður N 149/2004) – Holland	28

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

ÁKVÖRÐUN FASTANEFNDAR EFTA-RÍKJANNA nr. 5/2004/SC

2005/EES/33/01

frá 23. september 2004

um reglu til að ákveða skiptingu kostnaðar vegna fjármagnskerfis EES

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR TEKUR NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

að teknu tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „EES-samningurinn“,

að teknu tilliti til samningsins um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, er nefnist hér á eftir „samningurinn um stækkun EES“,

að teknu tilliti til bókunar 38a um fjármagnskerfi EES, sem bættist við EES-samninginn samkvæmt ákvæðum samningsins um stækkun EES,

að teknu tilliti til samnings konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2004–2009,

að teknu tilliti til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 4/2003/SC frá 4. desember 2003 um skipan bráðabirgðanefndar til að stýra fjármagnskerfi EES,

og að teknu tilliti til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 4/2004/SC frá 3. júní 2004 um skipan nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Framlög þeirra aðildarríkja EFTA, sem eiga aðild að EES, til fjármagnskerfis EES árin 2004–2009 skulu reiknuð samkvæmt ákvæðum viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2004.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Kjartan Jóhannsson

formaður

William Rossier

frankvæmdastjóri

VIÐAUKI

TÆKNILEG LÝSING Á KOSTNAÐARSKIPTINGU VEGNA FJÁRMAGNSKERFIS
EES ÁRIN 2004–2009

1. Framlög aðildarríkja EFTA, sem eiga aðild að EES, til fjármagnskerfis EES skulu reiknuð á grundvelli landsframleiðslu (LFR) síðustu þriggja ára sem gögn liggja fyrir um. Fyrir hvert EFTA-ríki, sem á aðild að EES, skal framlag vegna kostnaðar á fjárhagsárinu t reiknað á eftirfarandi hátt:

$$\text{Hlutur}(t) = \left(\frac{\text{LFR}_{(t-4)}}{\text{LFR}_{(t-4)}^{\text{EFTA}}} + \frac{\text{LFR}_{(t-3)}}{\text{LFR}_{(t-3)}^{\text{EFTA}}} + \frac{\text{LFR}_{(t-2)}}{\text{LFR}_{(t-2)}^{\text{EFTA}}} \right) : 3$$

2. Hér merkir LFR^{EFTA} samanlagða landsframleiðslu þeirra aðildarríkja EFTA sem eiga aðild að EES, en LFR merkir landsframleiðslu viðkomandi EFTA-ríkis.
3. Framlög hvers EFTA-ríkis, sem á aðild að EES, til hvers hinna fimm rekstrarára fjármagnskerfis EES samsvara því meðaltalshlut þess ríkis í samanlagðri landsframleiðslu aðildarríkja EFTA, sem eiga aðild að EES, síðustu þrjú ár sem gögn liggja fyrir um.
4. Tölur um landsframleiðslu skulu sótt til hagstofu hvers EFTA-ríkis.
5. Framlög skulu reiknuð í evrum.
6. Með því að ekki er til að dreifa opinberum tölum um landsframleiðslu í Liechtenstein skal hún áætluð með því að deila í landsframleiðslu Sviss með fjölda íbúa sem hafa lögheimili í Sviss og margfalda niðurstöðuna með fjölda íbúa sem hafa lögheimili í Liechtenstein.
7. Tölur um landsframleiðslu, sem liggja til grundvallar útreikningi á framlögum fyrir tiltekið ár t , skulu lagðar fram fyrir **1. febrúar það ár** og skulu þær taka til árána $t-4$, $t-3$ og $t-2$.

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA nr. 22/04/COL

2005/EES/33/02

frá 25. febrúar 2004 varðandi tilkynningu um nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja (NOREGUR)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, einkum 61. til 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽²⁾, einkum 24. gr. og bókun 3,

með hliðsjón af leiðbeiningum Eftirlitsstofnunarinnar ⁽³⁾ um beitingu og túlkun á 61. og 62. gr. EES-samningsins,

eftir að hafa hvatt hagsmunaaðila til þess að leggja fram athugasemdir samkvæmt ákvæðunum sem vísað er í hér að ofan ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. INNGANGUR

Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi með bréfi dags. 26. mars 2003 (skjalnr. 03-1846 A) bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 25. mars 2003, bréf fjármálaráðuneytisins dags. 25. mars 2003 og bréf sveitarstjórna- og héraðsprúnarráðuneytisins dags. 25. mars 2003. Öll þessi bréf bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 26. mars 2003. Í bréfinu tilkynntu norsk stjórnvöld um aðlögunartíma vegna mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum og um nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja.

Eftirlitsstofnunin staðfesti með bréfi dags. 16. maí 2003 (skjalnr. 03-2951 D) að hún hefði mótttekið ofangreind bréf og óskaði frekari upplýsinga.

Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi með bréfi dags. 10. júní 2003 (skjalnr. 03-3707 A) bréf fjármálaráðuneytisins dags. 5. júní 2003. Bæði bréfin bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 11. júní 2003. Bréfið hafði að geyma frekari upplýsingar frá norskum stjórnvöldum.

Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi með bréfi dags. 19. júní 2003 (skjalnr. 03-3976 A) bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 10. júní 2003. Bæði bréfin bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 20. júní 2003. Með bréfinu lögðu norsk stjórnvöld fram könnun sem gerði grein fyrir auknum flutningskostnaði ⁽⁵⁾.

⁽¹⁾ Nefnist hér „EES-samningurinn“.

⁽²⁾ Nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

⁽³⁾ Málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar (Leiðbeiningar um ríkisaðstoð) sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og gaf út 19. janúar 1994. Birt í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994. Leiðbeiningunum var síðast breytt 18. febrúar 2004 (hefur ekki enn verið birt).

⁽⁴⁾ Ákvörðun nr. 141/03/COL frá 16. júlí 2003. Stjtið. ESB C 216, 11.9.2003, bls. 3, og EES-viðbætur nr. 45, 11.9.2003, bls. 1.

⁽⁵⁾ Umferðarhagstofan (Transportökonomisk institutt (TØI)). Arbeidsdokument av 04.06.2003. U-2899. TR1180/2003.

Eftirlitsstofnunin tilkynnti norskum stjórnvöldum með bréfi dags. 16. júlí 2003 (skjalnr. 03-4598 D) að hún hefði ákveðið að hefja málsmeðferð, skv. 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, vegna ríkisaðstoðar í formi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum og vegna beinna flutningsstyrkja (hér á eftir nefnd „ákvörðun um að hefja rannsókn“).

Ákvörðunin um að hefja rannsókn var birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins⁽⁶⁾. Eftirlitsstofnunin gaf hagsmunaðilum kost á að leggja fram athugasemdir varðandi umrædd aðstoðarkerfi.

Opinbert svar norskra stjórnvalda við ákvörðuninni um að hefja rannsókn barst með símbréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dags. 17. september 2003 sem hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dags. 17. september 2003 (skjalnr. 03-6381 A). Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi einnig með bréfi dags. 18. september 2003 bréfið frá fjármálaráðuneytinu dags. 17. september 2003, og barst það eftirlitsstofnuninni og var skráð 19. september 2003 (skjalnr. 03-6451 A). Í bréfinu frá fjármálaráðuneytinu var m.a. að finna lengri útgáfu á könnuninni á auknum flutningskostnaði sem var lögð fyrir stofnunina með bréfi dags. 19. júní 2003.

Eftirlitsstofnuninni bárust athugasemdir frá tíu hagsmunaðilum varðandi ákvörðunina um að hefja rannsókn.

Eftirlitsstofnunin lagði athugasemdirnar frá þriðju aðilum fyrir norsk stjórnvöld í bréfum dags. 16. október 2003 (skjalnr. 03-7071 D) og 17. október 2003 (skjalnr. 03-7135).

Viðskipta- og iðnaðarráðuneytið framsendi með símbréfi dags. 21. október 2003 svar fjármálaráðuneytisins dags. 21. október 2003 (skjalnr. 03-7243 A) við athugasemdum frá þriðju aðilum. Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi eftirlitsstofnuninni einnig með bréfi dags. 23. október 2003 bréf fjármálaráðuneytisins, og barst það eftirlitsstofnuninni og var skráð 24. október 2003 (skjalnr. 03-7360 A).

Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi með bréfi dags. 22. október 2003 bréf sveitarstjórna- og héraðspróunarráðuneytisins dags. 20. október 2003. Bæði bréfin bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 24. október 2003 (skjalnr. 03-7362 A). Bréfið hafði að geyma tilkynningu norskra stjórnvalda um stækkun landsvæðisins sem njóta skyldi beinna flutningsstyrkja og tilkynnt var um með bréfi dags. 25. mars 2003.

Með bréfi dags. 19. desember 2003 (skjalnr. 03-8952 D) fór eftirlitsstofnunin fram á frekari upplýsingar og útskýringar, einkum varðandi uppsöfnunarreglurnar sem fólust í hinu tilkynnta kerfi.

Viðskipta- og iðnaðarráðuneytið framsendi með símbréfi dags. 21. janúar 2004 bréf sveitarstjórna- og héraðspróunarráðuneytisins (skráningsnr. 187224) dags. sama dag sem hafði að geyma frekari upplýsingar. Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi eftirlitsstofnuninni þetta bréf með bréfi, dags. 23. janúar 2004, sem barst stofnuninni og var skráð 26. janúar 2004 (skráningsnr. 188041).

Viðskipta- og iðnaðarráðuneytið framsendi með símbréfi dags. 9. febrúar 2004 bréf sveitarstjórna- og héraðspróunarráðuneytisins (skráningsnúmer 189794) dags. sama dag. Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi eftirlitsstofnuninni þetta bréf með bréfi dags. 11. febrúar 2004 sem barst stofnuninni og var skráð 12. febrúar 2004 (skráningsnr. 191138). Bréfið frá sveitarstjórna- og héraðspróunarráðuneytinu frá 9. febrúar hafði að geyma minni háttar breytingar er vörðuðu stjórnun kerfisins.

Tilkynningin frá 25. mars 2003 og ákvörðunin um að hefja rannsókn, sem um getur hér að ofan, vörðuðu þriggja ára aðlögunartíma, frá 2004 til 2007, vegna mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum sem og upptöku nýs kerfis beinna flutningsstyrkja. Eftirlitsstofnunin ákvað 12. nóvember 2003 að loka með jákvæðri ákvörðun rannsókn sinni á þriggja ára aðlögunartíma vegna mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum (skjalnr. 218/03/COL) (7).

(6) Ákvörðun nr. 141/03/COL frá 16. júlí 2003, Stjtið. ESB C 216, 11.9.2003, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 45, 11.9.2003, bls. 1.

(7) Stjtið. ESB L 145, 9.6.2005, bls. 25 og EES-viðbætur nr. 29, 9.6.2005, bls. 1.

Þar af leiðandi fjallar þessi ákvörðun um tvo þætti sem varða kerfi beinna flutningsstyrkja. Í fyrsta lagi tilkynninguna frá 25. mars 2003 og eftirfarandi ákvörðun um að hefja rannsókn. Í öðru lagi viðbótartilkynninguna frá 22. október 2003 um stækkun landsvæðisins sem kerfið tekur til.

2. LÝSING Á AÐSTOÐARKERFINU SEM VAR TILKYNNNT 25. MARS 2003

2.1. Markmið kerfisins

Norsk stjórnvöld benda á að aukinn flutningskostnaður sé eitt af því sem geri það að verkum að fyrirtæki á jaðarsvæðum og í strjálbýlum héruðum standi ávallt höllum fæti eða hafi varanlegt óhagræði af fjarlægðatengdum kostnaði samanborið við fyrirtæki sem staðsett eru miðsvæðis. Að sögn norskra stjórnvalda er markmið nýja kerfisins því sumpart að veða á móti verri samkeppnisstöðu fyrirtækja, sem staðsett eru langt frá mörkuðum sínum, vegna aukins flutningskostnaðar.

2.2. Fyrirhuguð styrkhæf landsvæði

Lagt var til að eftirtalin fylki og sveitarfélög hlytu rétt til beinna flutningsstyrkja innanlands:

- *Troms*: Harstad, Tromsø, Kvæfjord, Skånland, Bjarkøy, Ibestad, Gratangen, Lavangen, Bardu, Salangen, Målselv, Sørreisa, Dyrøy, Tranøy, Torsken, Berg, Lenvik og Balsfjord.
- *Norðurland*: öll sveitarfélög.
- *Norður-Prændalög*: Leka, Nærøy, Vikna, Flatanger, Fosnes, Overhalla, Høylandet, Grong, Namsos, Namsskogan, Røyrvik, Lierne, Snåsa, Inderøy, Namdalseid, Verran, Mosvik, Verdal, Leksvik, Meråker og Steinkjer.
- *Suður-Prændalög*: Hemne, Snillfjord, Hitra, Frøya, Ørland, Agdenes, Rissa, Bjugn, Åfjord, Roan, Osen, Oppdal, Rennebu, Meldal, Røros, Holtålen, Midtre Gauldal, Selbu og Tydal.
- *Mæri og Raumsdalur*: Kristiansund, Vanylven, Sande, Herøy, Ulstein, Hareid, Norddal, Stranda, Stordal, Rauma, Nesset, Midsund, Sandøy, Aukra, Eide, Averøy, Frei, Gjemnes, Tingvoll, Sunndal, Surnadal, Rindal, Aure, Halså, Tustna og Smøla.
- *Sogn og Firðafylki*: Gulen, Solund, Hyllestad, Høyanger, Vik, Balestrand, Leikanger, Sogndal, Aurland, Lærdal, Årdal, Luster, Askvoll, Fjaler, Gaular, Jølster, Bremanger, Vågsøy, Selje, Eid, Hornindal, Gloppen og Stryn.

Svæðin, sem lagt er til að fái beina flutningsstyrki, eru innan þess svæðis sem getur fengið byggðastyrki, samkvæmt samþykki eftirlitsstofnunarinnar frá 17. desember 1999 (327/99/COL), að undanskildum sveitarfélögum Herøy (8 374 íbúar), Ulstein (6 664 íbúar), Hareid (4 780 íbúar) og Aukra (3 026 íbúar) í fylkinu Mæri og Raumsdal. Svæðið, sem á rétt á byggðastyrkjum í Noregi, tekur til 25,2% heildaríbúafjölda⁽⁸⁾, en íbúafjöldinn á fyrirhuguðu svæði fyrir hið nýja kerfi beinna flutningsstyrkja, eins og það var tilkynnt 25. október 2003, er 16,0% af heildaríbúafjöldanum (721 079 íbúar).

Norsk stjórnvöld taka fram að svæðið, sem héraðsbundnir flutningsstyrkir eru bundnir við, sé afmarkað í samræmi við XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem hefur að geyma reglur um veitingu aðstoðar vegna aukins flutningskostnaðar í strjálbýlum héruðum, þ.e. héruðum þar sem íbúar eru færri en 12,5 á ferkílómetra.

Í fylkjunum Troms, Norðurlandi, Norður-Prændalögum og Sogni og Firðafylki eru færri en 12,5 íbúar á ferkílómetra.

Fylkin Suður-Prændalög og Mæri og Raumsdalur eru ekki strjálbýl en í hlutum þessara fylkja, sem lagt er til að njóti beinna flutningsstyrkja, er strjálbýlt (4,1 og 9,6 íbúar á ferkílómetra í hvoru fylki fyrir sig). Heildaríbúafjöldi sveitarfélaganna í fylkjunum tveimur, sem talin eru til fyrirhugaðra svæða, er 179 792.

⁽⁸⁾ Allar tölur um íbúafjölda, sem eru notaðar í þessari ákvörðun, miðast við 1. janúar 2002. Heildaríbúafjöldi Noregs var 4 503 436 manns 1. janúar 2002.

Í tilkynningunni taka norsk stjórnvöld fram að íbúafjöldi svæðisins, sem núverandi kerfi óbeinna flutningsstyrkja tekur til (kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum), sé 23,55% miðað við 16,01% á hinu nýja fyrirhugaða svæði, og sé það í samræmi við fyrsta skilyrðið í fimmta undirliði XI. viðauka (sjá þátt II.3 að neðan) við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð vegna byggðastyrkja innanlands.

2.3. Útreikningur á beinum héraðsbundnum flutningsstyrkjum

Samkvæmt tilkynningunni er aðeins heimilt að veita styrki vegna aukins kostnaðar við vöruflutninga innanlands, og skal sá kostnaður reiknaður á grundvelli beinustu og hagkvæmstu flutningsleiðar milli framleiðslu- eða vinnlustaðar og næsta útsölastaðar. Þegar vörur eru fluttar til ákvörðunarstaða í Svíþjóð og Finnlandi tekur útreikningur á heildarflutningsleiðinni einnig til vegalengda innan Svíþjóðar og Finnlands. Hins vegar er styrkur eingöngu veittur vegna flutningskostnaðar innanlands.

Eingöngu er heimilt að reikna út styrki á grundvelli skjalfests flutningskostnaðar. Flutningsstyrkurinn er reiknaður út sem hundraðshlutfall af heildarflutningskostnaðinu m. Flutningskostnaðurinn skal tilgreindur í farmbréfi eða sambærilegu skjali sem byggir á flutningsvegalengd innanlands, vöruþyngd og gerð vöru og farmgjöldum og öðrum gjöldum sem tengjast raunverulegum flutningum. Bætur eru veittar á grundvelli umsókna frá fyrirtækjunum ári eftir að flutningskostnaðurinn féll til.

Mismunandi styrkir verða veittir eftir tveimur landfræðilegum flutningssvæðum og samkvæmt flutningsvegalengd (stysta vegalengd 350 km). Hæsta styrkhlutfallið er veitt til Troms, Norðurlands og Norður-Þrændalaga (svæði 1), en Suður-Þrændalög, Mæri og Raumsdalur og Sogn og Firðafylki (svæði 2) fá lægri hlutfallslega styrki. Mismunur á hlutfallslegum styrkfjárhæðum kemur fram í eftirfarandi töflu.

Tafla 1: Styrkfjárhæðir

Flutningsvegalengd í kílómetrum	Svæði 1	Svæði 2
350–700	30%	20%
701–	40%	30%

2.4. Gögn sem sýna aukinn flutningskostnað

Viðskipta- og iðnaðarráðuneytið lagði með bréfi dags. 10. júní 2003 fram könnun frá Umferðarhagstofunni (Transportøkonomisk institutt, TØI) ⁽⁹⁾ á auknum flutningskostnaði á svæðinu sem fyrirhugað er að veita flutningsstyrki. Könnunin byggist á viðtölum við fulltrúa 33 fyrirtækja sem skipt er í sex sýni (landsvæði). Fyrirtækin 33 eru valin úr fyrirtækjaskrá norsku hagstofunnar ⁽¹⁰⁾ með tölfræðilegri slembisýnatöku. Niðurstaða TØI er á þá leið að í 1. sýni (þremur nyrstu fylkjunum (Troms, Norðurlandi og Norður-Þrændalögum)) og 2. sýni (fylkjum í Vestur-Noregi (Suður-Þrændalögum, Mæri og Raumsdal og Sogni og Firðafylki)) sé meðalflutningskostnaður á mannár – samtals og á lengri leiðum en 350 km – mun meiri en sambærilegur kostnaður fyrir viðmiðunarsvæðið. Viðmiðunarsvæðið er svæði 1 í kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum (einkum Ósló og nærliggjandi svæði).

2.5. Gildistími kerfisins

1. janúar 2004–31. desember 2006.

2.6. Fjárveiting

⁽⁹⁾ „Intervju av industribedrifter i aktuelle transporttotesoner og i referansesoner. Arbeidsdokument av 4.6.2003.“

⁽¹⁰⁾ „Statistisk sentralbyrås bedrifts- og foretaksregister.“

Áætluð fjárveiting er um 200 milljónir NOK (um 24,5 milljónir EUR) á ári.

2.7. Uppsöfnun

Norsk stjórnvöld telja, að með því að ákveða hámarksstyrkleika sem hundraðshluta af heildarflutningskostnaði (sjá töflu 1 hér að ofan) verði séð til þess að fyrirtæki fái ekki styrki umfram kostnað. Njóti fyrirtæki samtímis afsláttar af almannatryggingagjaldi verði sú fjárhæð dregin frá flutningsstyrknum eins og hann reiknast samkvæmt 1. töflu. Jafnframt muni fyrirtækin ekki fá hærri flutningsstyrki samtals, þ.e. samkvæmt hinu nýja kerfi flutningsstyrkja og í mynd afsláttar af almannatryggingagjaldi, en sem nemur þeim styrk sem þau hefðu fengið samkvæmt núverandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds.

2.8. Atvinnugreinar sem falla ekki undir kerfið og viðkvæmir atvinnuvegir sem falla undir sérstaka tilkynningaskyldu

Samkvæmt tilkynningunni getur eftirfarandi atvinnustarfsemi ekki fengið beina flutningsstyrki:

- a) Kerfið gildir ekki um flutning eða sendingu á vörum fyrirtækja í eftirtöldum atvinnugreinum og/eða framleiðsluvörum fyrirtækja sem ekki geta starfað annars staðar:
 - framleiðslu og dreifingu á raforku
 - vinnslu á hráolíu og jarðgasi
 - þjónustustarfsemi samfara olíu- og gasvinnslu, að frátöldu eftirliti
 - málmgrýtisvinnslu
 - jarðefnavinnslu á nefelínsýniti og ólivíni
- b) Iðngreinar sem falla undir sérstakar atvinnugreinareglur.

Vegna sérstakra atvinnugreinareglna er óheimilt að veita eftirtöldum fyrirtækjum héraðsbundna flutningsstyrki:

- fyrirtækjum sem falla undir gerðirnar sem um getur í a- og b-lið 1. liðar í XV. viðauka við EES-samninginn (um aðstoð við stáliðnaðinn og aðstoð til skipasmíða).
- c) Atvinnustarfsemi á sviði landbúnaðar/skógræktar og fiskveiða sem áfram munu falla undir núverandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds.

Samkvæmt tilkynningunni munu beinir flutningsstyrkir, sem veittir eru til bílaiðnaðarins eða framleiðslu á gervitreffjum, vera háðir fyrirframtilkynningu og samþykki eftirlitsstofnunarinnar í samræmi við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð.

2.9. Ákvörðun um að hefja rannsókn

Í ákvörðun sinni frá 16. júlí 2003 um að hefja rannsókn lét eftirlitsstofnunin í ljós tvenns konar efasemdir varðandi beina styrkjakerfið.

Í fyrsta lagi vakti eftirlitsstofnunin athygli á því að fjögur hinna tilkynntu sveitarfélaga, sem lagt er til að njóti beinna flutningsstyrkja, væru ekki á kortinu yfir svæði sem samþykkt hefur verið að veita byggðastyrki (Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra). Þar eð norsk stjórnvöld hafa ekki tilkynnt breytingar á kortinu yfir styrkt svæði taldi eftirlitsstofnunin að beinir flutningsstyrkir til þessara fjögurra sveitarfélaga myndu vera ósamrýmanlegir ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Í öðru lagi taldi eftirlitsstofnunin að gögnin, sem norsk stjórnvöld lögðu fram, færðu ekki

nægilegar sönnur á að um aukinn flutningskostnað sé að ræða á þeim svæðum í sunnanverðum Noregi sem lagt er til að njóti beinna flutningsstyrkja (Sogni og Firðafylki, Mæri og Raumsdal og Suður-Þrændalögum).

2.10. Athugasemdir norskra stjórnvalda um ákvörðunina um að hefja rannsókn

Með bréfi fjármálaráðuneytisins dags. 17. september 2003 lögðu norsk stjórnvöld fram athugasemdir um ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar um að hefja rannsókn. Norsk stjórnvöld tóku fram að til þess að tryggja gildi áður framlagðra gagna um aukinn flutningskostnað á tilkynntum flutningsstyrkjasvæðum hefðu þau látið fara fram umfangsmeiri könnun en þá sem lögð var fram með bréfinu frá 19. júní 2003 (hjálagt með athugasemdum). Að mati norskra stjórnvalda staðfesti þessi könnun niðurstöður fyrri könnunar.

Stærri könnunin ⁽¹⁾ nær til 39 fyrirtækja, að meðtöldum fyrirtækjum á svæðinu sem ekki var lagt til að nyti hinna nýju flutningsstyrkja innanlands. Flutningskostnaður á svæði 1 fyrir kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum er ákvarðaður sem viðmiðu narflutningskostnaður samanborið við aukinn flutningskostnað á svæðum sem lagt er til að fái beina flutningsstyrki. Niðurstöður könnunarinnar staðfesta, að mati norskra stjórnvalda, að fyrirtæki í fylkjunum Troms, Norðurlandi, Norður-Þrændalögum, Suður-Þrændalögum, Mæri og Raumsdal og Sogni og Firðafylki greiði töluvert hærri meðalflutningskostnað – bæði samanlagt og á lengri leiðum en 350 km – en fyrirtæki á viðmiðunarsvæðinu. Flutningskostnaður í fylkjunum Troms, Norðurlandi og Norður-Þrændalögum sé 220% hærri en á viðmiðunarsvæðinu fyrir lengri flutningsleiðir en 350 km. Flutningskostnaður í fylkjunum Suður-Þrændalögum, Mæri og Raumsdal og Sogni og Firðafylki sé 143% hærri en á viðmiðunarsvæðinu fyrir lengri flutningsleiðir en 350 km.

2.11. Athugasemdir hagsmunaaðila um ákvörðunina um að hefja rannsókn

Tíu samtök og fyrirtæki í Noregi lögðu fram athugasemdir um ákvörðunina um að hefja rannsókn. Meginhluti athugasemdana varðaði kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum (aðlögunartímabil). Hagsmunaaðilar, sem gerðu athugasemdir um kerfi beinna flutningsstyrkja, tóku m.a. fram að þeir vissu ekki hvernig kerfi beinna flutningsstyrkja myndi virka eða hvaða áhrif það myndi hafa. Í sumum athugasemdunum var því einnig haldið fram að hið nýja kerfi beinna flutningsstyrkja myndi eingöngu að takmörkuðu leyti draga úr auknum flutningskostnaði fyrirtækja á jaðarsvæðum í Noregi.

Með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dags. 23. október 2003, sem hafði að geyma bréf dags. 21. október 2003 frá viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu og bréf dags. 21. október 2003 frá fjármálaráðuneytinu, sem öll bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 24. október (skjalnr.: 03-7360 A), gerðu norsk stjórnvöld fáeinar athugasemdir við athugasemdir þriðju aðila. Norsk stjórnvöld vekja athygli á því að athugasemdir og tölur, sem settar eru fram í athugasemdum þriðju aðila, renna stoðum undir þau rök sem hafa áður verið kynnt stofnuninni. Norsk stjórnvöld vekja einnig athygli á að engir þriðju aðilar hafi hreyft andmælum gegn hinu tilkynnta kerfi beinna flutningsstyrkja.

3. LÝSING Á TILKYNNINGUNNI FRÁ 22. OKTÓBER 2003

3.1. Stækkun landsvæðisins

Norsk stjórnvöld tilkynntu 22. október 2003 stækkun á landsvæði kerfisins sem var tilkynnt 25. mars 2003. Einnig var lagt til að eftirtalin 13 sveitarfélög gætu fengið beina flutningsstyrki innanlands:

Í fylkinu Heiðmörku: Rendalen, Engerdal, Tolga, Tynset, Alvdal, Follidal og Os.

Í fylkinu Upplöndum: Dovre, Lesja, Lom, Skjåk, Vågå og Sel.

Heildaribúafjöldi þessara 13 sveitarfélaga er 37 271. Bæði í Heiðmörku og Upplöndum eru ⁽¹⁾ „Arbeidsdokument av 04.06.2003 (rev.01.09.2003-U-2899-1/1180/2003).“

færri en 12,5 íbúar á ferkílómetra. Íbúafjöldi á svæðinu í Heiðmörku, sem lagt er til að geti fengið beina flutningsstyrki, er 1,5 íbúar á ferkílómetra, en 2,0 íbúar á hvern ferkílómetra á fyrirhugaða styrkhæfa svæðinu í fylkinu Upplöndum.

3.2. Breytt rök fyrir því að telja með sveitarfélög í fylkjum sem eru ekki strjálbýl (Mæri og Raumsdal og Suður-Þrándalögum)

Í tilkynningunni frá 22. október 2003 breyttu norsk stjórnvöld rökum sínum fyrir því að láta svæðið, sem lagt er til að fái beina flutningsstyrki (sjá síðustu málsgrein í lið I.2.2 hér að ofan), taka til sveitarfélaga í fylkjum sem eru ekki strjálbýl.

Nú færa norsk stjórnvöld fram þau rök að réttlæta megi að láta svæðið taka til sveitarfélaga í Suður-Þrándalögum og Mæri og Raumsdal samkvæmt XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð vegna þess að íbúafjöldinn í Suður-Þrándalögum og Mæri og Raumsdal, á hinu fyrirhugaða svæði sem getur fengið beina flutningsstyrki, sé 179 792, en í öðrum strjálbýlum fylkjum ⁽¹²⁾ innan byggðastyrkjakortsins, en utan kortsins yfir fyrirhuguð svæði sem geta fengið flutningsstyrki, séu 172 322 íbúar. Íbúar á fyrirhuguðum svæðum, sem geta fengið beina flutningsstyrki í Suður-Þrándalögum og Mæri og Raumsdal (fylki með fleiri en 12,5 íbúa á ferkílómetra), séu því ívið fleiri (7 470 íbúar) en íbúar á svæðinu sem byggðastyrkjakortið nær yfir, en sem liggur utan kortsins yfir fyrirhugaða flutningsstyrki í strjálbýlum fylkjum. Norsk stjórnvöld telja að eftirlitsstofnunin hafi heimild til að samþykkja þessa takmörkuðu hækkun á íbúafjölda kerfisins.

3.3. Gögn sem sýna aukinn flutningskostnað

Norsk stjórnvöld lögðu fram, sem hluta af hinnu breyttu tilkynningu frá 22. október 2003, nýja könnun er tók til fyrirtækja í sveitarfélögum sem tilkynnt hafa verið í Heiðmörku og Upplöndum. Notuð var sama aðferð og í fyrri könnuninni (sjá lið 2.4 hér að ofan).

Könnunin ⁽¹³⁾, sem einnig var unnin af TØI, tekur til 13 fyrirtækja í 13 sveitarfélögum í norðurhluta fylkjanna Heiðmerkur og Upplanda. Könnunin náði ekki til sveitarfélagsins Engerdal, enda þótt viðbótartilkynningin taki til þess. Könnunin staðfestir, að sögn norskra stjórnvalda, að meðalflutningskostnaður fyrirtækja í þessum 12 sveitarfélögum – bæði samtals og á lengri leiðum en 350 km – sé töluvert hærri en flutningskostnaður fyrirtækja á viðmiðunarsvæðinu. Viðmiðunarsvæðið er hið sama og í fyrstu könnuninni. Í könnuninni er komist að þeirri niðurstöðu að flutningskostnaðurinn í hinum 12 sveitarfélögum sé 120% hærri en á viðmiðunarsvæðinu fyrir flutningsleiðir sem eru meira en 350 km.

II. MAT

1. TILVIST RÍKISAÐSTOÐAR

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni, með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Hin tilkynnta aðstoð er veitt af ríkisfjármunum og mun ívilna ákveðnum fyrirtækjum í skilningi

⁽¹²⁾ Íbúafjöldinn í hinum strjálbýlu fylkjum Austur-Ögðum, Þelamörku, Heiðmörku og Upplöndum.

⁽¹³⁾ „Arbeidsdokument av 22.09.2003-U-2929-TR1194/2003.“

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Hin styrktu fyrirtæki eru raunverulega eða hugsanlega í samkeppni við sambærileg fyrirtæki í Noregi og öðrum EES-ríkjum. Þar sem fyrirhuguð aðstoð raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni og hefur áhrif á viðskipti innan EES felur kerfið því í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. TILKYNNINGASKYLDA

Í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól segir: „*Tilkynna skal eftirlitsstofnun EFTA um allar áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda.*“ Aðstoð, sem ekki er tilkynnt um eða tilkynnt of seint, þ.e. eftir að hún „*kemur til framkvæmda*“ telst ólögmat aðstoð.

Með bréfum sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu, dags. 26. mars 2003 (skjalnr. 03-1846 A), 10. júní 2003 (skjalnr. 03-3707 A), 22. október 2003 (skjalnr. 03-7362 A), 23. janúar 2004 (skráningarnr. 188041) og 11. febrúar 2004 (skráningarnr. 191138) hafa norsk stjórnvöld uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um dómstól og eftirlitsstofnun með því að tilkynna um aðstoðina áður en hún kom til framkvæmdar.

3. VIÐEIGANDI LAGAÁKVÆÐI

Í tilkynningum sínum skilgreindu norsk stjórnvöld aðstoðina, sem veitt var samkvæmt fyrirhuguðu kerfi, sem flutningsstyrki.

Í 27. mgr. í kafla 25.4 í leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð segir: „*Á strjálbýlissvæðum, sem eiga annað hvort rétt á undanþágu samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. eða c-lið 3. mgr. 61. gr. á grundvelli dreifbýlissviðmiðsins sem um getur í 17. mgr. í kafla 25.3 er unnt að heimila aðstoð til að jafna að hluta aukinn flutningskostnað⁽¹⁴⁾ að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. EFTA-ríkjunum ber að sanna að slíkur aukakostnaður sé fyrir hendi og ákvarða upphæð hans.*“

Í 17. mgr. í kafla 25.3 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð eru svæði þar sem íbúar eru færri en 12,5 íbúar á ferkílómetra skilgreind sem dreifbýlissvæði.

Hvað varðar sérstök skilyrði vegna svæða, sem geta fengið undanþágu samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. á grundvelli strjálbýlissviðmiðsins, vísar 27. mgr. í kafla 25.4 til XI. viðauka þar sem kveðið er á um skilyrði sem aðstoð verður uppfylla til þess að geta fengið undanþágu. Skilyrðin, sem uppfylla skal, eru sem hér segir:

- „*Aðstoðin má einungis vera til að mæta aukaflytningakostnaði. Viðkomandi EFTA-ríki verður að sýna fram á með hlutlægum rökum að þörf sé á bótum. Aldrei má veita bætur umfram kostnað. Taka ber til greina aðrar aðstoðaráætlanir vegna flutninga.*
- *Eingöngu er heimilt að veita aðstoð í tengslum við aukakostnað vegna vöruflutninga innan landamæra viðkomandi lands. Aðstoðin má ekki verða að útflutningsstyrk.*
- *Aðstoð verður að vera unnt að ákvarða fyrirfram á hlutlægan hátt á grundvelli aðstoðar miðað við hvern kílómetra eða á grundvelli aðstoðar miðað við hvern kílómetra og aðstoðar miðað við hverja þyngdareiningu, og gera verður ársskýrslu þar sem meðal annars kemur fram hvernig hlutfallið eða hlutföllin virka.*
- *Áætlaður aukakostnaður af flutningum verður að miðast við hagstæðasta flutningsmátann og stystu vegalengdina milli framleiðslu- eða vinnslustaðar og sölustaða.*
- *Eingöngu er heimilt að veita fyrirtækjum aðstoð sem hafa aðsetur á svæðum sem eiga rétt á byggðaaðstoð á grundvelli nýja strjálbýlissviðmiðsins. Þessi svæði eru fyrst og fremst svæði sem samsvara III. stigs NUTS-svæði þar sem íbúar eru færri en 12,5 á ferkílómetra. Hins vegar er leyfður ákveðinn sveigjanleiki við val á svæðum innan eftirfarandi marka:*
- *ekki má túlka sveigjanleika við val á svæðum á þann hátt að auka fjölda íbúa á svæðum sem*

⁽¹⁴⁾ Aukinn flutningskostnaður merkir viðbótarkostnað vegna vöruflutninga innan landamæra viðkomandi lands. Slík aðstoð má ekki undir neinum kringumstæðum vera útflutningsaðstoð, né heldur má hún felast í aðgerðum sem hafa sambærileg áhrif og magnatakmarkanir á innflutning í skilningi 11. gr. EES-samningsins.

flutningsaðstoð tekur til,

- *þeir hlutar af III. stigs NUTS-svæði sem hægt er að sýna sveigjanleika verða að vera með færrri en 12,5 íbúa á ferkílómetra,*
- *svæðin verða að liggja að III. stigs NUTS-svæðum sem uppfylla strjálbýlisviðmiðið,*
- *íbúafjöldi þeirra skal vera lágur miðað við heildaríbúafjölda sem flutningsaðstoðin tekur til.*
- *Óheimilt er að veita aðstoð vegna flutninga eða vörusendinga fyrirtækja sem ekki geta starfað annars staðar (vörur úr námaíðnaðinum, vatnsaflsraforkustöðvar, o.s.frv.).*
- *Flutningsaðstoð til fyrirtækja í iðnaði sem Eftirlitsstofnun EFTA telur viðkvæman (bílaíðnaður, gervitreffjáiðnaður, skipasmíðar og stáliðnaður) ber ávallt að tilkynna fyrirfram og skal hún heyra undir gildandi leiðbeiningar í viðkomandi atvinnugrein.“*

Í 5. mgr. kafla 25.5 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð er tekið fram varðandi byggðastyrkjakortið að: „Á meðan kortið er í gildi geta EFTA-rikin farið fram á breytingar á því ef sýnt er að félagsleg eða efnahagsleg skilyrði hafi breyst að verulegu leyti. Slíkar breytingar kunna að varða styrkleika aðstoðar og styrkhæf svæði, með þeim fyrirvara að í stað nýrra svæða sem eru tilnefnd falli brott svæði sem hafa sama íbúafjölda. Gildistíma leiðréttu kortsins lýkur á þeim degi sem þegar var ákveðinn fyrir upphaflega kortið.“

Eftirlitsstofnunin hefur skoðað tilkynningarnar tvær frá 25. mars 2003 og 22. október 2003 í ljósi c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og viðeigandi hluta Leiðbeininga um ríkisaðstoð og innlenda byggðastyrki sem vísað er í hér að ofan.

4. TILKYNNINGIN FRÁ 25. MARS 2003

Matið á tilkynningunni frá 25. mars 2003, sem var tilefni ákvörðunarinnar um að hefja málsmeðferð dags. 16. júlí 2003, hefur leitt til eftirfarandi athugasemda:

a) Aðstoðin takmarkast við strjálbýl héruð sem fallið geta undir c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, að fjórum sveitarfélögum undanskildum (27. mgr. í kafla 25.4 og fimmta mgr. í kafla 25.5 og fimmti undirlíður XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð)

Norsk stjórnvöld hafa tilkynnt um fjögur sveitarfélög sem eru ekki á núverandi korti yfir byggðastyrki (Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra).

Samþykki eftirlitsstofnunarinnar fyrir kortinu yfir styrkt svæði í Noregi árið 1999 (327/99/COL) gaf til kynna að hún styddi veitingu aðstoðar til fyrirtækja á svæðum sem féllu undir byggðastyrkjakortið á grundvelli samþykktra byggðastyrkjakerfa. Af því leiðir að óheimilt er að veita byggðastyrki (til dæmis beina flutningsstyrki) til fyrirtækja á svæðum sem eru ekki á kortinu yfir styrkt svæði.

Samkvæmt 5. mgr. í kafla 25.5 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð ber aðildarríkjum að fella brott fyrirleggjandi svæði á samþykktu byggðastyrkjakorti ef þau hyggjast bæta nýjum svæðum á það. Þar eð norsk stjórnvöld hafa ekki tilkynnt breytingar á kortinu yfir styrkt svæði, í samræmi við 5. mgr. í kafla 25.5 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, eru byggðastyrkir (beinir flutningsstyrkir) til fjögurra sveitarfélaga sem eru ekki á byggðastyrkjakortinu (Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra, sem öll eru í fylkinu Mæri og Raumsdal) ósamrýmanlegir ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Þar af leiðandi geta norsk stjórnvöld ekki hrundið tilkynntu styrkjakerfi í framkvæmd fyrir þessi fjögur sveitarfélög.

Heildarfjöldi þeirra íbúa, sem tilkynningin frá 25. mars 2003 náði til, var 721 079 manns, eða 16,0% af heildaríbúafjölda Noregs. Heildaríbúafjöldi Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra er 22 844 íbúar. Heildaríbúafjöldi þeirra svæða, sem tilkynningin náði til, að frátöldum þessum fjórum sveitarfélögum, er því 698 235 manns eða 15,5% af heildaríbúaföldanum.

Íbúafjöldinn í Suður-Þrændalögum og Mæri og Raumsdal (fylki sem ekki eru strjálbýl) sem

tilkynningin frá 25. mars 2003 náði til, var 179 792. Ef hin fjögur sveitarfélög Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra eru ekki talin með er fjöldinn innan þessara tveggja fylkja 156 948 ⁽¹⁵⁾ manns, sem er minna en fjölsfjöldinn á byggðastyrkjakortinu í strjálbýlum fylkjum sem ekki er lagt til að fái beina flutningsstyrki (Heiðmörku, Upplöndum, Þelamörk og Austur-Ögðum). Heildaríbúafjöldi innan byggðastyrkjakortsins í þessum fjórum fylkjum er 209 593 manns.

Á svæðunum í Suður-Þrændalögum og Mæri og Raumsdal, sem lagt er til að fái beina flutningsstyrki, eru færri en 12,5 íbúar á ferkílómetra. Þau liggja að fylkjum sem uppfylla skilyrðið um strjálbýli (Norður-Þrændalög og norðar). Íbúafjöldinn í Suður-Þrændalögum og Mæri og Raumsdal (156 948 íbúar) nemur 22,5% af heildaríbúafjölda fyrirhugaða kerfisins (698 235 íbúar).

Hvað varðar afganginn af hinum tilkynntu svæðum þá falla þau öll undir c-lið 3. mgr. 61. gr. sem strjálbýl svæði. Skilyrði 27. mgr. í kafla 25.4 og fimmta undirliðar XI. viðauka eru uppfyllt.

b) Norsk stjórnvöld hafa fært sönnur á að aukinn flutningskostnaður sé fyrir hendi og hafa ákvarðað upphæð hans (27. mgr. í kafla 25.4 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð)

Til þess að sýna fram á aukinn flutningskostnað hafa norsk stjórnvöld lagt fram tvær kannanir. Fyrri könnunin var lögð fram með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dags. 19. júní 2003, og hin síðari, sem var viðbót við hina fyrri, með bréfi frá sendiráði Noregs gagnvart Evrópusambandinu dags. 18. september 2003. Báðar kannanirnar byggjast á slembiúrtaki þar sem nokkur fyrirtæki voru valin samkvæmt viðurkenndum tölfræðilegum aðferðum. Tölum um flutningskostnað var safnað saman fyrir þau fyrirtæki sem voru valin.

Í ákvörðuninni um að hefja málsmeðferð (dags. 16. júlí 2003) lét eftirlitsstofnunin í ljós efasemdir um gögnin sem norsk stjórnvöld lögðu fram (fyrri könnunin). Eftirlitsstofnunin taldi að könnunin færði ekki nægilegar sönnur fyrir því að aukinn flutningskostnaður væri fyrir hendi á landsvæðunum í Suður-Noregi sem lagt var til að nytu beinna flutningsstyrkja (Sogni og Firðafylki, Mæri og Raumsdal og Suður-Þrændalögum).

Síðari könnunin náði til fleiri fyrirtækja en sú fyrri. Með henni er nú staðfestur aukinn flutningskostnaður fyrirtækja á svæðinu sem lagt er til að fái beina flutningsstyrki. Meðalflutningskostnaður fyrirtækja í fylkjunum Troms, Norðurlandi, Norður-Þrændalögum, Suður-Þrændalögum, Mæri og Raumsdal og Sogni og Firðafylki er, bæði samtals og á lengri leiðum en 350 km, töluvert hærri en kostnaður fyrirtækja á viðmiðunarsvæðinu. Flutningskostnaður fyrirtækja í Troms, Norðurlandi og Norður-Þrændalögum er 220% hærri en flutningskostnaður fyrirtækja á viðmiðunarsvæðinu á lengri flutningsleiðum en 350 km. Flutningskostnaður fyrirtækja í Suður-Þrændalögum, Mæri og Raumsdal og Sogni og Firðafylki er 143% hærri en á viðmiðunarsvæðinu á flutningsleiðum sem eru meira en 350 km.

Eftirlitsstofnunin telur að norsk stjórnvöld hafi fært sönnur á að aukinn flutningskostnaður sé fyrir hendi og því sé skilyrði 27. mgr. í kafla 25.4 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð uppfyllt.

c) Aðstoðin er einungis til að mæta aukaflutningskostnaði (fyrsti undirliður XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð)

Styrklutföllin, sem sýnd eru í töflu 1 í lið I.2.3 hér að framan, tryggja að fyrirtæki geti fengið styrk að hámarki 40% af flutningskostnaði þeirra (á flutningsleiðum sem eru meira en 701 km). Eingöngu flutningur á lengri leiðum en 350 km getur fengið flutningsstyrk. Eftirlitsstofnunin telur að þetta samrýmist niðurstöðum kannananna sem norsk stjórnvöld lögðu fram (sjá lið I.3.3 hér að ofan) og telur að kerfið veiti ekki styrki umfram það sem þörf er á til að mæta þessum aukna flutningskostnaði.

Til að tryggja að fyrirtæki fái ekki styrki umfram kostnað verður allt hagræði vegna afsláttar af

⁽¹⁵⁾ 179 792 – 22 844 = 156 948.

almannatryggingagjöldum dregið frá flutningsstyrknum sem reiknaður er út samkvæmt töflu 1 í lið I.2.3 hér að ofan.

Skilyrði fyrsta undirliðar XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð er þannig uppfyllt.

d) Aðstoð er eingöngu veitt í tengslum við aukakostnað vegna vöruflutninga innan landamæra viðkomandi lands (annar undirliður XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð)

Samkvæmt kerfinu er aðeins heimilt að veita styrki vegna aukins kostnaðar við vöruflutninga innanlands og skal sá kostnaður reiknaður á grundvelli beinustu og hagkvæmstu flutningsleiðar milli framleiðslustaðar eða vinnslustaðar og næsta útsölastaðar. Þegar vörur eru fluttar til ákvörðunarstaða í Svíþjóð og Finnlandi tekur útreikningur á heildarflutningsleiðinni einnig til vegalengda innan Svíþjóðar og Finnlands þótt styrkur sé eingöngu veittur vegna flutningskostnaðar innanlands.

Skilyrði annars undirliðar XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð er því uppfyllt.

e) Hægt er að ákvarða aðstoðina fyrirfram á hlutlægan hátt á grundvelli aðstoðar miðað við hvern kílómetra og aðstoðar miðað við hverja þyngdareiningu, og áætlaður aukakostnaður miðast við hagstæðasta flutningsmátann og stystu vegalengdina (þriðji og fjórði undirliður XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð)

Fyrirhugað kerfi uppfyllir þessi skilyrði á eftirfarandi hátt:

- Aðstoðin er reiknuð út sem hundradshluti af flutningskostnaðinum (sjá töflu 1 í lið I.2.3 hér að ofan).
- Flutningskostnaðurinn vísar til eðlilegs kostnaðar sem tilgreindur er í farmbréfi eða sambærilegu skjali og sem byggir á flutningsvegalengd innanlands, vöruþyngd og gerð vöru og farmgjöldum og öðrum gjöldum sem tengjast raunverulegum flutningum.
- Flutningskostnaður verður að vera reiknaður út á grundvelli hagkvæmstu flutningsleiðar og stystu leiðar milli framleiðslustaðar og ákvörðunarstaðar.

Skilyrði þriðja og fjórða undirliðar XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð eru þar með uppfyllt.

f) Atvinnugreinabundnu skilyrðin eru uppfyllt (sjötti og sjöundi undirliður XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð)

- Kerfið gildir ekki um vöruflutning eða -sendingar fyrirtækja sem ekki geta starfað annars staðar: framleiðslu og dreifingu á raforku, vinnslu á hráolíu og jarðgasi, þjónustustarfsemi samfara olíu- og gasvinnslu, að frátöldu eftirliti, málmgrýtisvinnslu og jarðefnavinnslu á nefelínsýniti og ólivíni.
- Kerfið gildir ekki um fyrirtæki sem falla undir gerðirnar um getur í a- og b-lið 1. liðar í XV. viðauka við EES-samninginn (um aðstoð við stáliðnaðinn og aðstoð til skipasmíða).
- Kerfið gildir ekki um landbúnað, skógrækt og fiskveiðar sem áfram munu falla undir núverandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds.

Skilyrði sjötta og sjöunda undirliðar XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð eru þannig uppfyllt.

5. HIN BREYTTA TILKYNNING FRÁ 22. OKTÓBER 2003

Með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dags. 22. október 2003 tilkynntu norsk stjórnvöld stækkun á landsvæði kerfisins sem tilkynnt var 25. mars 2003 (sjá lið I.3.1 hér að ofan).

Til að sýna fram á aukinn flutningskostnað hafa norsk stjórnvöld lagt fram könnun á auknum

flutningskostnaði í þeim 13 sveitarfélögum í fylkjunum Heiðmörku og Upplöndum sem lagt er til að njóti styrkja. Niðurstaða könnunarinnar er að meðalflutningskostnaður fyrirtækja í þessum 13 sveitarfélögum – bæði samtals og á lengri leiðum en 350 km – sé töluvert hærrí en kostnaður fyrirtækja á viðmiðunarsvæðinu (120% á flutningsleiðum sem eru meira en 350 km.).

Eftirlitsstofnunin telur að könnunin færi sönnur á tilvist aukins flutningskostnaðar í sveitarfélögum 13 sem hafa verið tilkynnt.

Eftirlitsstofnunin vekur athygli á að eftir að landsvæði kerfisins hefur verið stækkað verði heildaríbúafjöldi þess 735 506 manns ⁽¹⁶⁾ eða 16,3% af heildaríbúafjöldanum (og eru sveitarfélögin Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra þá ekki talin með).

Eftirlitsstofnunin vekur einnig athygli á að á svæðunum í Heiðmörku og Upplöndum, sem lagt er til að fái styrki, eru færri en 12,5 íbúar á ferkílómetra.

Ennfremur er íbúafjöldinn innan byggðastyrkjakortsins í strjálbýlum fylkjum, sem ekki er lagt til að fái beina flutningsstyrki, 172 322 manns ⁽¹⁷⁾ sem er meira en íbúafjöldinn á svæðunum í Mæri og Raumsdal og Suður-Þrændalögum (fylki sem eru ekki strjálbýl) sem lagt er til að fái beina flutningsstyrki (156 948 íbúar).

Eftirlitsstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu varðandi tilkynninguna frá 22. október 2003 að færri en 12,5 íbúar séu á ferkílómetra í sveitarfélögum 13 og að þau séu á fyrirbyggjandi byggðastyrkjakorti. Þótt þessum 13 sveitarfélögum sé bætt við verður íbúatalan í hinum núverandi þéttbýlisfylkjum Mæri og Raumsdal og Suður-Þrændalögum (156 948 íbúar) ekki hærrí en í strjálbýlisfylkjunum Heiðmörku, Upplöndum, Þelamörk og Austur-Ögðum sem ekki er lagt til að fái beina flutningsstyrki (172 322 íbúar). Norsk stjórnvöld hafa einnig fært sönnur á tilvist aukins flutningskostnaðar í hinum 13 sveitarfélögum sem bætast við. Hvað varðar önnur skilyrði vísar eftirlitsstofnunin til matsins í 4. lið hér að ofan sem gildir jafnt þegar sveitarfélögin 13 eru felld inn í kerfið.

6. NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar, með vísan í rökin hér að ofan, að beinir flutningsstyrkir til sveitarfélaganna fjögurra Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra séu ósamrýmanlegir ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð og að ekki skuli hrinda slíkum styrkjum í framkvæmd vegna þessara fjögurra sveitarfélaga. Að öðru leyti samrýmist hið tilkynnta kerfi beinna flutningsstyrkja EES-samningnum.

Norsk stjórnvöld eru minnt á að þau eru skuldbundin til að tilkynna eftirlitsstofnuninni um allar áætlanir um að breyta kerfinu eða útvíkka það. Norsk stjórnvöld eru einnig beðin um að leggja fram ársskýrslu með nákvæmum upplýsingum um framkvæmd kerfisins og einkum um hlutfallslegan styrk á ekinn kílómetra eða hlutfallslegan styrk á ekinn kílómetra og þyngdareiningu.

⁽¹⁶⁾ 698 235 + 37 271 = 735 506.

⁽¹⁷⁾ 209 593 – 37 271 = 172 322.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Beinir flutningsstyrkir til hinna fjögurra sveitarfélaga Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra eru ósamrýmanlegir ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Aðstoðinni skal því ekki hrundið í framkvæmd vegna þessara fjögurra sveitarfélaga.
2. Kerfi beinna flutningsstyrkja, eins og norsk stjórnvöld tilkynntu það 25. mars 2003 og 22. október 2003, að frátöldum beinum flutningsstyrkjum til þeirra fjögurra sveitarfélaga sem um getur í 1. lið hér að ofan, samrýmist c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
3. Ákvörðun þessari er beint til Noregs.
4. Ensk útgáfa ákvörðunar þessarar er fullgild.

Gjört í Brussel, 25. febrúar 2004.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Hannes Hafstein

Forseti

Einar M. Bull

Stjórnarmaður

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni landsdómstóls Liechtensteins (*Fürstlicher Landrichter*) um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt ákvörðun landsdómstólsins frá 13. desember 2004 í máli *Paolo Piazza* gegn *Paul Schurte AG* 2005/EES/33/03

(Mál E-10/04)

Samkvæmt ákvörðun landsdómstólsins (*Fürstlicher Landrichter*) í Vaduz í Liechtenstein frá 13. desember 2004 hefur EFTA-dómstólnum verið send beiðni, sem skráð var í málaskrá 31. desember 2004, um ráðgefandi álit í máli *Paolo Piazza* gegn *Paul Schurte AG* að því er varðar eftirtalið:

Er ákvæði á borð við það, sem er að finna í 2. mgr. 56. gr. einkamálaöggjafar Liechtensteins (*Liechtenstein Zivilprozessordnung*), samrýmanlegt EES-löggjöf, nánar tiltekið frelsinu til að veita þjónustu sem kveðið er á um í 36. gr. EES-samningsins og frelsinu til flutninga fjármagns sem kveðið er á um í 40. gr. samningsins? Ef unnt er að réttlæta slíkt ákvæði, er það þá einnig í samræmi við meðalhófsregluna?

2005/EES/33/04

Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA gegn Konungsríkinu Noregi sem lögð var fram 12. apríl 2005

(Mál E-3/05)

Hinn 12. apríl 2005 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru gegn Konungsríkinu Noregi; í fyrirsvari eru Niels Fenger og Arne Torsten Andersen, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að með því að gera búsetu í Finnmerkurfylki eða einu sjö tilgreindra sveitarfélaga í Tromsfylki að skilyrði fyrir greiðslu sérstaks fjölskyldubótaauka sem kenndur er við Finnörk hafi Konungsríkið Noregur vanefnt skuldbindingar sínar skv. 73. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið VI. viðauka við EES-samninginn (*reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja*) með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum í bókun 1 við samninginn.

Til vara lýsi dómstóllinn yfir að með ofangreindu búsetuskilyrði hafi Konungsríkið Noregur vanefnt skuldbindingar sínar skv. 2. mgr. 7. gr. gerðarinnar sem um getur í 2. lið V. viðauka (*reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins*), með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum í bókun 1 við samninginn.

2. Dómstóllinn dæmi Konungsríkið Noreg til greiðslu málskostnaðar.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:

- Málið varðar héraðsbundinn bótaauka við fjölskyldubætur í Noregi sem er greiddur forráðamönnum barna sem hafa búsetu í hinu tilgreinda héraði.
- Samkvæmt norskum lögum ber bótaþega að hafa búsetu á viðkomandi svæði ásamt barninu. Bótaaukinn er óháður því hvar bótaþegi stundar atvinnu.
- Í 29. gr. EES-samningsins er kveðið á um að almannatryggingakerfi skuli samræmd í því skyni að veita launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum frelsi til flutninga á Evrópska efnahagssvæðinu.
- Samkvæmt 73. gr. reglugerðar nr. 1408/71 skal launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem heyrir undir löggjöf EES-ríkis og hefur búsetu í öðru EES-ríki, eiga rétt á þeim fjölskyldubótum sem kveðið er á um í löggjöf fyrrgreinda EES-ríkisins eins og aðstandendurnir væru búsettir þar.
- Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar 1612/68 er kveðið á um að farandlaunþegar skuli njóta sömu félagslegra réttinda og innlendir launþegar.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3746 — Tetra Laval/SIG Simonazzi)**

2005/EES/33/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. júní 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Tetra Laval Nederland B.V. („Tetra Laval“) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3.gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfir tilteknum fyrirtækjum sem tilheyra SIG Holding AG, nánar tiltekið: SIG Holding Italia S.p.A., SIG Simonazzi S.p.A., SIG Simonazzi Blowform S.p.A., SIG Simonazzi Germany GmbH, SIG Simonazzi (Russia) O.o.o., SIG Simonazzi Ibérica S.A. and SIG Beverages Ltd., auk ýmissa eigna eftirfarandi dótturfélaga: SIG Simonazzi (India) Pvt. Ltd., SIG Technology AG, SIG Simonazzi Mexico SA de CV, SIG Simonazzi (Pacific) Sdn Bhd, SIG Beverages Services Mexico SA de CV, SIG Beverages do Brasil Ltda, SIG (China) Beverage Machinery Co. Ltd og, SIG Beverages North America Inc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Tetra Laval: kerfi til pökkunar matvæla í pappambúðir (Tetra Pak), búnaður til mjólkurframleiðslu (DeLaval) og pökkunarbúnaður og -kerfi einkum togblástursmótunarárvefjar, afskermunartækni og vélar til áfyllingar á plastflöskum úr pólýetýlenterþalati (PET) og mjög þéttu pólýetýleni (HDPE) (Sidel),
 - SIG-markfyrirtækin: þróun, framleiðsla og markaðssetning á vélum til vinnslu, áfyllingar, með eða án smitgátar, og endanlegrar pökkunar drykkjarvara í plastambúðir (úr pólýetýlenterþalati og mjög þéttu pólýetýleni), glerumbúðir og dósir og á búnaði til merkingar.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 153, 24. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3746 — Tetra Laval/SIG Simonazzi, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3822 — Stora Enso/Schneidersöhne Papier)**

2005/EES/33/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. júní 2005 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem finnska fyrirtækið Stora Enso Oyi („Stora Enso“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu G Schneider & Söhne GmbH & Co KG („Schneider“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Stora Enso: framleiðsla og sala iðnaðarvara úr skógrækt, einkum pappírs, pappa, pappírsdeigs og sagaðs timburs. Það fæst einnig við viðskipti með pappír,
 - Schneider: viðskipti með pappír.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 153, 24. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3822 — Stora Enso/Schneidersöhne Papier, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M. 3858 – Lehman Brothers/SCG/Starwood/Le Meridien)**

2005/EES/33/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. júní 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin Lehman Brothers Inc. („Lehman Brothers“), Starwood Capital Group Global, L.L.C („SCG“) og Starwood Hotels & Resorts Worldwide, Inc. („Starwood“) öðlast með hlutafjárkaupum og rekstrarsamningum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfir 23 hótelum, sem Le Meridien á eða leigir (markhótel „Le Meridien“),
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Lehman Brothers: fjárfestingarfélag sem starfar m.a. á sviði einkafjárfestingastýringar, fjárfestinga-banka, fasteignafjárfestinga og eignastýringar,
 - SCG: fasteignafjárfestingar,
 - Starwood: rekstur hótela og orlofsstaða um allan heim,
 - markhótel Le Meridien: 23 hótél sem Le Meridien á eða leigir og eru einkum staðsett í Evrópu-sambandinu.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 154, 25. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M. 3858 — Lehman Brothers/SCG/Starwood/Le Meridien, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3841 – Valoriza Gestión/Aguas de las Palmas)**

2005/EES/33/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. júní 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Valoriza Gestión, S.A.U. („Valoriza“), sem tilheyrir hópnum Sacyr Vallehermoso, og franska fyrirtækið Saur S.A. („Saur“), sem tilheyrir hópnum PAI Partners, öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirmefndrar reglugerðar, yfir spænska fyrirtækinu Empresa Mixta de Aguas de Las Palmas, S.A. („Emalsa“), sem nú er undir sameiginlegri stjórn Saur og Endesa Participadas S.A. í gegnum spænska fyrirtækið Nueva Nuinsa S.L. („Nueva Nuinsa“). Valoriza mun öðlast sameiginleg yfirráð yfir Emalsa með kaupum á hlutum í Nueva Nuinsa.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Valoriza: vatnsstjórnun, meðhöndlun úrgangs, þróun nýrra gerða orku og fasteignarekstur.
 - Emalsa: vatnsstjórnun fyrir hönd sveitarfélaganna Las Palmas de Gran Canarias og Santa Brígida, og í Puerto de la Luz y de las Palmas.
 - Saur: vatnsveita og meðhöndlun úrgangs.
 - Nueva Nuinsa: eignarhaldsfélag.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 161, 1. júlí 2005). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3845 – Valoriza Gestión/Aguas de las Palmas, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2005/EES/33/09**
(mál COMP/M.3692 – Reuters/Telerate)

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. maí 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3692. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2005/EES/33/10**
(mál COMP/M.3728 – Autogrill/Altadis/Aldeasa)

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. mars 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3728. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3740 – Barclays Bank/Föreningsparbanken/JV)**

2005/EES/33/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 2. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3740. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3781 – Crédit Agricole/Caisse d'Epargne/JV)**

2005/EES/33/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á frönsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3781. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3797 – CGE/AMGA/SMAT/SAP)**

2005/EES/33/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3797. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3806 – Telefonica/Cesky Telecom)**

2005/EES/33/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á spænsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3806. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3807 – Siemens/Hyundai/JV)**

2005/EES/33/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3807. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3810 – Investcorp/Polyconcept)**

2005/EES/33/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. maí 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3810. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3814 – RR Donnelly/Astron)**

2005/EES/33/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3814. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3818 – Gilde/DSM Bakery Ingredients)**

2005/EES/33/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3818. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

Ríkisaðstoð
Mál C 14/2005 (áður N 149/2004)
Holland

2005/EES/33/19

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna styrkjar til framleiðslu á malti (Bavaria/Holland Malt BV), sjá Stjtið. ESB C 154 frá 25. júní 2005.

Framkvæmdastjórnin veitir aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum eins mánaðar frest frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB til að koma á framfæri athugasemdum varðandi þessar ráðstafanir. Athugasemdir skal senda á neðangreint pósthfang.

European Commission
Directorate-General for Agriculture
Directorate H2
Office: Loi 130 5/128
B-1049 Bruxelles/Brussel

Bréfasími: (32) 22 96 76 72

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Hollandi. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska þess skriflega að farið verði með nafn þeirra eða heiti sem trúnaðarmál, enda sé óskin rökstudd.